

# Hefur dregið verulega úr fordómum gagnvart konum í sjúkraflutningum

María Ingadóttir lærði fyrst sjúkraliðann, fór svo í hjúkrun og svo í bráðataekninám til Bandaríkjanna. Hún segir starfið fjölbreytt og krefjandi og að stuðningur félaganna og úrvinnsla áfalla skipti miklu máli í sínu starfi. María var nýkomin heim af fæðingardeildinni þegar við heyrðum í henni.

**Texti:** Sigríður Elín | **Myndir:** úr einkasafni





### Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækja um nám í hjúkrunarfræði á sínum tíma?

„Þegar ég var í 10. bekk var boðið upp á starfskynningu og ég valdi að fara á sjúkrahúsið á Ísafirði og var þar í tvo daga. Mér fannst spítalaumhverfið mjög spennandi og gaman að vinna með skjólstæðingunum. Ég valdi því að fara í sjúkraliðanám sem ég kláraði 19 ára gömul árið 2006. Í framhaldinu fór ég að vinna á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík en mér fannst ég samt hvergi nærri búin með mína menntagöngu svo það lá beinast við að hefja nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri sem ég kláraði árið 2012.“

### Hvernig fáum við fleiri karlmenn í hjúkrunarfræði?

„Ég held að áframhaldandi fræðsla um starfið og fjölbreytileikann sem það hefur upp á að bjóða muni skila sér á endanum. Því miður er hjúkrunarstarfið oft of mikil tölvuvinna og skráning, að mínu mati. Þótt það sé mikilvægt þá tel ég að meiri „hands on“ hjúkrun og samskipti við skjólstæðingana myndi auka áhuga á starfinu. Auk þess tel ég starf hjúkrunarfræðinga ekki metið að verðleikum með tilliti til launa, þegar launin verða betri munum við sjá fleiri karlmenn í okkar stétt.“

### Hver var aðdragandinn að því að þú fórst í sjúkraflutningar?

„Þegar ég starfaði á Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík frá árinu 2007 til 2018 var ég fyrst beðin um að prófa að taka nokkrar vaktir á sjúkrabíl og það má segja að ég hafi strax fengið brennandi áhuga. Ég kláraði grunnmenntun í sjúkraflutningum og starfaði á sjúkrabíl í hlutastarfi með vaktavinnu á sjúkrahúsinu. Svo langaði mig í frekara nám en fann ekkert sem hentaði mér í sérhæfingu í hjúkrun á þeim tíma. Áhugi minn á utanspítalaþjónustu var hvati til frekari menntunar á því sviði og því fór ég í bráðataekninám, í Massachusetts í Bandaríkjunum, sem ég kláraði árið 2018.“

### Hefur þú upplifað fordóma í starfi vegna kyns þíns?

Já, pottþétt en ég get ekki nefnt eitthvað sérstakt dæmi sem situr í mér. Það hefur orðið mikil fjölgun á konum í sjúkraflutningum og dregið verulega úr fordómum að mínu mati. Mér finnst besta að vinna í blönduðum hópi og mikilvægt að ekki sé verið að kyngreina einstaklinga heldur velja frekar þann sem er hæfastur hverju sinni. Það má alltaf gera betur samt og við sjáum vonandi fleiri konur í stjórnunarstöðum innan sjúkraflutninga í framtíðinni enda margar öflugar.“

### Hvernig finnst þér hjúkrunarfræðimenntunin nýgtast í sjúkraflutningum?

„Ég myndi segja að hjúkrunarfræðimenntun og sjúkraflutningar væru eins og gin og tonic. Þetta eru náskyldar greinar, þar sem hjúkrunarfræði veitir djúpa og góða þekkingu á mjög breiðu sviði, svo fer maður grynna í ótal marga hluti á sviði bráðaþjónustu og lærir að vinna mjög markvísst eftir vinnuferlum í sjúkraflutningum. Þetta tvennt saman skilar öflugri starfsmanni í báðum starfsgreinum. Að vera hjúkrunarfræðingur í grunninn hefur nýst mér afar vel í starfi á sjúkrabíl; þekking og reynsla af störfum á bráðamóttöku og úti á landi er sérstaklega dýrmæt. Ég tel að þetta tvennt fari sérstaklega vel saman á landsbyggðinni þar sem flestir sjúkraflutningarmenn eru hlutastarfandi, þá er nauðsynlegt að halda sér vel við og það getur maður gert í störfum inn á spítala. Þó svo flutningar séu færri á landsbyggðinni þá veikist fólk þar og slasast alveg jafn alvarlega, flutningar eru lengri og ekki fullbúin bráðadeild í næsta nágrenni. Í þannig aðstæðum reynir oft mikið á og þá getur reynsla og menntun skipt máli.“

### Langar þig að læra meira og þá hvað?

„Held mig langi alltaf að læra eitthvað meira. Nú þegar maður er orðin sjúkraliði, hjúkrunarfræðingur og bráðataeknir er þá ekki bara læknisfræði næst?“

## „Mér finnst besta að vinna í blönduðum hópi og mikilvægt að ekki sé verið að kyngreina einstaklinga heldur velja frekar þann sem er hæfastur hverju sinni.“

Nei, veistu, þessi menntun sem ég hef opnar marga möguleika og ég gæti bætt við mig sérhæfingu; bæði sem hjúkrunarfræðingur og bráðatæknir. Mörg svið eru mjög spennandi en núna vil ég fyrst og fremst viðhalda þeirri færni og getu sem ég hef en ég stefni alltaf hærra. Seinna á starfsævinni gæti ég hugsað mér að sinna kennslu og einnig hef ég áhuga á rannóknarvinnu sem tengist utanspítalabjónustu á Íslandi, það er lítið um slíkt en gæti svo sannarlega nýst til að bæta þjónustuna.“

### Í hverju felast mestu áskoranirnar í starfi þínu sem sjúkraflutningamaður?

„Þær geta heldur betur verið fjölbreyttar og krefjandi, enda enginn dagur eins í sjúkraflutningum. Við sinnum margvíslegum verkefnum en auðvitað erum við fyrst og fremst boðuð út til að sinna veikum og slösuðum. Skjólstæðingar okkar eru á öllum aldri og ekkert tilfelli er eins. Umhverfið getur líka verið áskorun; alls konar aðstæður á sjó og landi. Það getur verið einn skjólstæðingur, það getur líka verið hópslys. Oft á tíðum er fólk að upplifa sínar verstu stundir þegar við komum á staðinn og því fylgir oft mikil geðshræring, aðstandendur eru jafnvel líka á staðnum og þurfa utnumhald. Þótt við reynum að vera sem best undirbúin að öllu leiti þá er það ekki alltaf nóg, erfið útköll eru stór áskorun þar sem getur reynt verulega á andlegu hlið okkar sjúkraflutningamanna. Það er mjög misjafnt hvað hreyfir við fólk í þessu starfi og þá er félagastuðningur og rétt úrvinnsla áfalla mikilvægur þáttur.“

### Hvað er það besta við starfið?

„Það besta er þegar allt gengur upp; þegar við komumst fljótt og örugglega á staðinn og náum að skila skjólstæðingi okkar í betra ástandi á sjúkrahús til frekari meðferðar. Maður upplifir líka mikið þakklæti frá skjólstæðingum og aðstandendum sem er alltaf góð tilfinning. Góðir samstarfsfélagar og starfsandi er líka lykilatriði og gerir góðan dag enn betri.“

### Hvað gerir þú vinnufélagarnir til að efla liðsandan?

„Á Selfossi, þar sem ég starfa, er mjög öflugt og skemmtilegt lið í sjúkraflutningum. Þeir sem eru á vakt saman eyða óhjákvæmilega meiri tíma saman



og þá er nauðsynlegt að það sé gott samstarf og góður andi til að allt gangi upp. Vaktirnar fara oft í líkamsrækt saman, borða og vinna föst verk saman. Svo eru haldnar verklegar æfingar og fræðslur þegar tækifæri gefst til. Við höfum einnig gert okkur glaðan dag, utan vinnutíma, með því að fara út að borða saman, í leikhús eða bíó. Árshátíðir, jólahlaðborð, ráðstefnur og þess háttar kemur vonandi sterkt inn aftur eftir skrítna tíma.“

### Að lokum; Hvar sérðu sjálfan þig eftir tíu ár?

„Eftir tíu ár reikna ég fastlega með að vera áfram starfandi í heilbrigðiskerfinu. Hver veit nema sjúkraflutningar verði þá orðið eitt af sérsviðum innan hjúkrunar. Draumurinn væri að flétta þessar starfsgreinar meira saman og geta verið að hluta til starfandi á sjúkrahól og inn á spítala að hluta, eins og er gert í löndum víða í kringum okkur. Eftir tíu ár verða svo vonandi sjúkrabyrlur á sveimi, góð rafræn sjúkraskráning, uppfærðir vinnuferlar og hágæða utanspítalabjónusta hér á landi. Á sumum sviðum erum við en þá í torfkofum miða við önnur lönd. Það má allavega segja að það séu ótal spennandi möguleikar í boði með þessa menntun sem ég hef og ég ætla að klárlega að nýta mér það í framtíðinni.“